

Reykjavík, 20.apríl 2023

Siðanefnd HRFÍ hefur tekið fyrir mál nr. 10/2022

HRFÍ

gegn XX

I. Málavextir

Siðanefnd HRFÍ barst kæra þess efnis að við skráningu gots fætt 01.11.2021 undan AA og BB kom í ljós að DNA vantaði á fyrrnefnda tík. YY er eigandi tíkarinnar. Eigandaskipti á BB áttu sér stað 08.10.2021 en fyrrum eigandi var ræktandi tíkarinnar XX. Ábending barst frá núverandi eiganda YY að tíkin hafi þegar átt got og þar með ætti skrifstofa HRFÍ að hafa allar heilsufarskröfur fyrir tíkina. BB er ekki skráð fyrir umræddu goti og við nánari athugun og samtali við XX kom í ljós að gotið sem um ræðir er rangmæðrað. DNA niðurstöður BB voru til staðar hjá fyrrum ræktanda og niðurstöður lágu fyrir áður en pörun átti sér stað.

Gotið sem um ræðir er fætt 07.03.2021 og eru skráðir foreldrar gotsins AA og CC
Hvolpar úr goti fætt 07.03.2021 eru eftirfarandi:

1A
2A
3A
4A
5A
6A

Andsvar barst frá XX þar sem hún útskýrir mistökin sem áttu sér stað, hún bauðst einnig til að senda sýni úr hvolpum og láta gera DNA próf, siðanefnd þáði það boð og var gert próf á einum hvolpi úr gotinu og meintum foreldrum eins og siðanefnd fór fram á.

Niðurstaða úr DNA prófi sýndi að það mælir ekkert gegn því að BB og AA séu foreldrar afkvæmisins: DD

Niðurstöður stemma við báða foreldra í öllum greindum erfðamörkum

II. Úr reglugerð um ættbókarskráningu

4. Lágmarksaldur tíka við pörun er 24 mánuðir, nema annað sé tekið fram í kafla 10 um skilyrði ræktunar einstakra hundakynja.

III. Forsendur og niðurstaða


Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

.Siðanefnd hefur ákveðið að taka tillit til þess að XX sýndi samstarfsvilja til að leysa úr málinu og gekk í það verk, hún á heldur ekki brotaferil þegar kemur að ræktun hunda en þar sem þetta er alvarlegt brot er ákveðið að kærða hljóti alvarlega áminningu.


f.h. siðanefndar HRFÍ,



Arnheiður Runólfsdóttir



Sunna Birna Helgadóttir



Selma Olsen